

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsgnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð sem staðfest var af iðnaðarráðherra nr. 252/2001, með síðari breytingum fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslí til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámarki, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 3 l/mín. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum lítra. Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttu reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en two mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps rekur tvö hitaveitusvæði með aðskildum dreifikerfum. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu.

5. gr.

Verðskrá:

A. *Hemlagjald (varmagjald):*

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 2.202.

B. *Eldri samningar:*

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 1.964.

C. *Rúmmetragjald skv. mæli:*

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 104,70.

Fyrir sumarbústað sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða kr. 6.606 á mánuði, sbr. A-lið 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.050 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20	1.500 kr.
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	1.856 kr.
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	2.212 kr.
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	2.569 kr.
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	3.516 kr.

D. Stofngjöld:

Í þéttbýli sér sveitarfélagið um frágang heimæða að mæli.	
D1 Íbúðarhús allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ³	kr. 560.572
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða	213 kr./m ³
D2 Vélageymslur og gripahús allt að 300 m ³	kr. 325.860
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða	213 kr./m ³
D3 Sumarhús	
Stofngjald fyrir húsveitu	kr. 560.572
D4 Gjald fyrir auka mælagrind	kr. 83.638
Auk stofngjalds, eins og að framan greinir, skal greiða 4.188 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.	

E. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr. 15.600
Aukaálestur	kr. 7.300

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, í bönkum eða á pósthúsum. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísítölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísítölu verða.

III. KAFLI**8. gr.**

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki/fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

9. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnum á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er veittur frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Nr. 1192

12. desember 2013

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2013, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2014 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1166/2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2013.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2013